

4. október 2011

2. mál Umræða um skýrslu starfshóps um námsárangur drengja, dags. í september 2011 (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég er hér uppi sem fulltrúi borgarstjórnar í menntaráði og formaður starfshóps skóla- og frístundasviðs, áður menntasviðs, um drengi og námsárangur. Áður en ég hef yfirferð yfir skýrsluna sem hefur fengið talsverða umfjöllun, með mismunandi áherslum þó, langar mig að byrja á því að þakka það tækifæri sem ég fékk til að leiða þetta starfs og þakka þeim frábæru samstarfsaðilum sem voru með mér í þessu sérstaklega. Hópurinn var dýrmætur og dýnamískur og náði að setja fram ólíkar spurningar sem leiddu okkur að þessari niðurstöðu sem liggur fyrir. Í hópnum voru auk mín Óttarr Proppé borgarfulltrúi, Nanna Christiansen, starfsmaður menntasviðs, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir aðstoðarskólastjóri, Jón Páll Haraldsson aðstoðarskólastjóri, Bergsteinn Þór Jónsson leikskólakennari, Ingveldur Hrönn Björnsdóttir, starfsmaður leikskólasviðs, Bryndís Jónsdóttir, fulltrúi foreldra. Að auki unnu með starfshópnum Berglind Hansen til að byrja með og Ásgeir Björgvinsson, starfsmenn menntasviðs, og að lokum Almar Halldórsson, starfsmaður Námsmatsstofnunar, sem gerði ítarlegar greiningar fyrir okkur á fyrirliggjandi gögnum. Skýrslur sem hann gerði og hans fólk, liggja fyrir á vef starfshópsins, www.strakar.wordpress.com, og bara til að skjóta því inn í, þá er vefumhverfi borgarinnar afar flókið og við ákváðum að nýta okkur bara ókeypis þjónustu á alþjóðavettvangi, en þar liggur tölfræðin að baki allra þessara niðurstaðna og hvet ég þá sem hafa áhuga á til að kíkja á það.

En ítrekað hefur þessari umræðu skotið upp kollinum og ýmsar tilgátur og staðhæfingar settar fram. Sumir telja umræðuna um stráka vera of mikla, of ríkjandi, og að alltaf lendi stelpurnar í því að þeirra mál eru ekki rædd, því þær séu þægari og allt líti út fyrir að vera að ganga í sóma. Starfshópurinn var strax allur sammála um að það væri tilefni til að hafa þetta í huga í gegnum alla okkar vinnu og tryggja að ef við rækjumst á eitthvað sem tengdist stúlkum þá yrði að koma því skýrt á framfæri. Í annan stað varð hópurinn sammála um að þó að allir hafi verið í skólum og því fljótt í þessari umræðu litið til reynslu einstaklinganna sjálfra í skólaumhverfinu, þyrftum við að passa vel að styðjast við gögn en ekki tilfinningar og reynsluheima. Við ræddum líka um ímyndir í þessu samhengi og

4. október 2011

Þá tilhneigingu fjölmiðla meðal annars að ýta undir ímynd þeirra karlmannna sérstaklega sem ná árangri þrátt fyrir að hafa átt erfiða eða enga skólagöngu.

En mikilvægast var í allri umræðu að okkar mati að kynna okkur vel hvaða gögn lágu fyrir til að grundvalla okkar umfjöllun. Eitt af því sem rætt var og er um er hvort raunverulega sé munur á strákum og stelpum þegar námsárangur er skoðaður. Þetta lá ekki alveg ljóst fyrir. Það voru tilfinningar og vissulega skýrslur til staðar en sumir sögðu að þetta væri allt saman, eins og oft er sagt um launamun kynjanna, þetta er allt saman farið ef það eru skoðaðar betur greiningarnar. Af þeim gögnum sem starfshópurinn skoðaði má sjá að munur á námsárangri er vissulega til staðar í ákveðnum fögum þó. Sterkustu tengslin snúa að árangri í lestri og íslensku sem svo eru líklegir áhrifavaldar í öðrum fögum sem sýna kynjamun. Það er að segja að slakir drengir í lestri eru mjög líklegir til þess að hafa áhrif á tölur um kynjamun í öðrum fögum. Umræða um orsakir eru hinsvegar af mjög ólíkum toga og er reynt að gefa innsýn í ólíkar skýringar fræðimanna og fagfólks í þessari skýrslu. Það sem er mikilvægast er hinsvegar að finna leiðirnar til þess að auka námsárangur drengja án þess að draga úr hraða annarra drengja eða stúlkna og starfshópurinn reyndi að setja tillögur fram að slíkum leiðum.

Umræðan um orsakir mun vera til staðar í áráraðir í viðbót ef ekki áratugaraðir í viðbót en nýjustu rannsóknir sýna meira og oftar að líffræðilegur munur er á kynjunum og miklu meiri en áður var talið. Í því samhengi er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að ljóst verður að erfitt er að hafa mikinn samanburð milli kynja í tölfræðilegu samhengi í framtíðinni. Mikilvægt er líka að hafa í huga að mælingar á gæðum skólastarfs og líðan nemenda eru margskonar og að verkefni hópsins hafa verið eingöngu að líta á afmarkaða þætti. Við hefðum getað unnið örugglega í þrjú ár í viðbót en allt þetta efni liggur fyrir hjá starfsmönnum ef einhver vill kíkja á meira og ýmislegt á heimasíðu hópsins.

En stutt yfir niðurstöðurnar sem hafa komið fram á mismunandi hátt undanfarið í fjölmiðlum en þær eru fjórar að okkar mati. Í fyrsta lagi er þessi kynjamunur sem umræddur er fyrst og fremst í lestri. Þessi kynjamunur kemur strax fram í lesskimunum í 2. bekk grunnskólans og er viðvarandi til loka grunnskólans. Þetta eru að okkar mati skýrustu skilaboðin inn í menntakerfi borgarinnar.

4. október 2011

Kynjamunurinn kemur líka fram í niðurstöðum PISA allt frá 2000 og ef frá er tekinn munurinn 2003, sem var líklega óeðlilega mikill, er munurinn á kynjunum talsverður öll þau ár sem rannsóknin hefur farið fram. Kynjamunur í öðrum greinum, eins og í samræmdum prófum og PISA, er annað hvort lítill eða breytilegur og gæti mögulega verið skýrður af muni á lesskilningi milli kynja.

Í öðru lagi eru sterkustu forspárþættirnir fyrir árangri í íslensku þeir sömu fyrir drengi og stúlkur. Þetta hefur minna komið fram í fjölmiðlum og er mjög mikilvægt fyrir borgarstjórn að hafa í huga. Tvær breytur; stjórn á eigin árangri og ánægja af lestri. Þessir þættir skýra samanlagt 34% af breytileika í íslenskukunnáttu stúlkna en 25% hjá strákuum. Þetta kemur ítrekað fram að þessar tvær breytur skipta greinilega mestu máli við að skýra árangur. Ýmsar ítarlegar niðurstöður í skýrslunni sýna að mikil breyting hefur orðið á lestrarvenjum ungmenna og þær eru í besta falli varhugaverðar. Og svona smáinnskot, að í morgun var morgunúttvarpið að tala við menntskælinga um hvað þeir væru að lesa og það kom alveg skýrt fram af svona 15 ungmennum að þau voru í rauninni ekki að lesa mikið. Sumir voru að lesa eitthvað og þau voru að lesa um sjónvarpsþættina sem þau voru að horfa á. Það er nú gott og blessað að þau séu að lesa eitthvað en þetta tengist allt umræðunni sem við komum að seinna hérna á eftir.

Í þriðja lagi kemur fram að drengir eru í miklum meirihluta þegar kemur að úthlutunum vegna fatlana og alvarlegra raskana í grunnskólum. Hlutföllin eru að jafnaði um 80% og 20% stúlkur. Þessar niðurstöður eru helst settar fram, þetta er allt sem við vitum, helst settar fram til þess að benda á að í þeim skólum þar sem er mikið um sérkennslu er eðlilega lækkun á árangri drengja og þá þarf að styrkja þann skóla algjörlega sérstaklega varðandi sérkennsluna. Einnig eru ábendingar um að við þurfum að grípa fastar inn í þegar það eru úthlutanir til þess að styrkja lestrarhæfni drengja, þessi einstaka aðgerð gæti bætt árangur skóla og Reykjavíkur og þessara drengja mikið.

Í fjórða lagi, að lokum, kemur fram að kennsluhættir geta skipt máli til að bæta stöðu drengja, en líka stöðu stúlkna. Það er ekki til nein töfralausn sem leysir öll vandamál í kennslustofunni en yfirgripsmikil bresk rannsókn sem við ítarlega

4. október 2011

skoðuðum sýndi að ákveðnir kennsluhættir skiptu meira máli en aðrir. Ég ætla ekki að fara ítarlega í það núna en Hamraskóli í Reykjavík er búinn að vera að vinna með þetta með miklum og tölfræðilegum árangri á milli ára, hreinlega á milli eins og tveggja ára hafa þeir sýnt miklar breytingar og vonandi fáum við að fá bara sérstaka umfjöllun um Hamraskóla handa hinum skólunum til þess að kynna sér.

Að lokum ber að nefna þá niðurstöðu sem kom fram að stúlkur, sérstaklega á eldri stigum, sýna miklu meiri einkenni kvíða, gefa til kynna meiri vanlíðan, meira einelti og mun minna sjálfsálit en drengir. Starfshópurinn lagði því til tillögu, eina af tíu tillögum sem voru samþykktar í menntaráði, að sérstök vinna og sérstakur starfshópur, sambærilegur við þennan, færi í gang til þess að skoða þessar niðurstöður og greina. Allar aðgerðirnar sem farið var í að búa til og ræða áttu að hafa þannig áhrif að þær hefðu jákvæð áhrif á alla nemendur. Engar sértækar aðgerðir eru lagðar til og það hefur sérstaklega verið bent á þessa bresku rannsókn sem sýnir að árangur sem náðst hefur með kennsluháttum og breytingum þar hefur haft áhrif á allan nemendahópinn.

Ég ætla ekki hér í dag að fara ítarlega yfir tillögur starfshópsins, þær voru allar samþykktar í menntaráði og fóru í mismunandi farveg og ég er viss um að formaður skóla- og frístundaráðs fer yfir það hér, þrjár þeirra tengjast lestri sérstaklega og fara þá inn í vinnu í kringum bókmenntaborgina Reykjavík og ég vona að það tengist okkur sérstaklega og fari áfram. Ég vil samt benda á tvennt. Annars vegar er það tillagan um skilaboð til drengja sem lesa og sú hugmynd felur í sér að benda á stráka og karlmenn og stelpur jafnvel sem lesa mikið og kannski hafa ekki það yfirbragð eða þá kynningu á sér eða ímynd þess að lesa og þetta er tilvísun í þessa umræðu okkar um ímynd og hvernig fyrirmyndir geta verið mismunandi fyrir drengi og þessi skilaboð eru þá hugsuð þannig að ýmsir úr samfélaginu, og ég nefni til leiks Hugleik Dagsson, sem er mikil fyrirmynd ungra drengja og les mjög mikið og hefur alltaf lesið mjög mikið, sé með þau skilaboð og komi þeim einhvern veginn á framfæri. Þessi tillaga verður vonandi sett í ferli.

Og það er önnur tillaga sem mig langar að nefna og það tengist tölvumálunum en hópurinn fékk forstjóra CCP á fund sinn og það var mikill svona, mig langar að

4. október 2011

sletta hérna á ensku og segja eye-opener, maður sá ýmislegt nýtt í öðru ljósi þegar hann fór að kynna fyrir okkur hvernig hann var að reyna að fá stelpur inn í leikinn sinn. Og fundum þá út að við vorum að vinna að sitthvoru verkefningu en gætum verið að vinna miklu meira saman og ekki síður kom í ljós að þarna var verið að gera mjög margt skemmtilegt í leiknum sem að kannski eru fordómar fyrir inni í skólakerfinu og í því samhengi hefur svona mesta vakningin í kringum þessa skýrslu verið hjá þeim, að mínu mati, þeim kennurum sem hafa verið að reyna að innleiða einhverskonar netkennslu í skólunum og ungu fólki, eins og til dæmis ármaður í MS sem hafði skrifað lítinn pistil um hvernig skólakerfið hafði dregið metnaðinn sinn og hann svona býður krafta sína fram og vill fá að hafa áhrif og segja hvernig á að breyta kennsluháttum til þess að þeir, sérstaklega, hafi meiri áhuga á að vinna þetta. En þá er ein hugmyndin og ein tillagan sem var samþykkt að það verði búin til námskeið fyrir kennara á einmitt youtube eða internetinu í svona fyrirlestraformi þannig að þeir sjái kannski hvað er að gerast á mismunandi stöðum og kynnist þannig á stuttum tíma hvernig það er að vera ungur maður eða ung kona í dag í þessum heimi og hvernig það er að lesa ekki bókina fyrir verkefnið heldur sjá bara myndina.

Í þessu samhengi langar mig þó til að segja eitt að í tölvuheiminum og menningu drengja, þarf að hafa í huga að þó þeir séu ólæsir sér til gagns, þessi 23% 15 ára, þá er ekki þar með sagt að þeir séu ófróðir. Tölvuheimurinn hefur skapað svo mikla þekkingu sem þarf ekki að lesa sér til um í, það má passa sig, og ég hef aðeins lent í því, í þessari umræðu að tala um að þetta séu drengir sem munu bara ekki ná árangri í lífinu. Auðvitað er það ekki málið. Auðvitað er hægt hinsvegar að heyra ýmislegt, hlusta á ýmislegt og horfa á ýmislegt í tölvu og verða jafnfróður ef ekki fróðari en þeir sem fara í gegnum allt þetta nám en hinsvegar ef þú hefur ekki lestrargetu, þá lendirðu í vandræðum í svona grunnþjónustubörfum í lífinu og það er það sem okkur ætti að vera metnaður til þess að laga að allir lesi sér til gagns og ekki síst þegar við erum ítrekað að tala um að við séum svo læs þjóð og við getum lesið gömlu bókmenntirnar án þess að þurfa þýðingar við og svo framvegis, að þá ættum við í rauninni að vera með markmiðið um að það væri enginn í þessum hópi sem gæti ekki lesið sér til gagns.

4. október 2011

Að lokum eru margar aðrar áhrifamiklar breytur sem við fórum ekki mjög djúpt í. Til að mynda þar væri hægt að nefna þroskafræðilega muninn sem ég tók aðeins hérna á áðan, hegðunarvandinn sjálfur sem á sér stað og kennarar kvarta sáran yfir að fá ekki hjálp við. Foreldrar og námsárangur; foreldratengingin er gríðarlega mikilvæg, foreldrar hafa mjög mikil áhrif, eins og þið vitið, eru stærsta breytan sem hefur áhrif á námsárangur og við höfum ekki verið með skýrar tillögur um hvernig foreldrar eigi að breyta hegðun sinni en þetta eru gríðarlega stórir þættir sem við þurfum að hafa áhrif á í umræðunni sem stærsta sveitarfélagið í skólamálu.

Að lokum fagna ég og þakka fyrir stuðning menntaráðs við verkefnið í framtíðinni. Ákveðið var að hópurinn starfaði áfram sem svokallaður eftirfylgnihópur sem er að mínu mati góð vinnulagsbreyting eftir að það er búið að vinna svona, þá getum við fylgt úr hlaði þessum tillögum og vonandi verður áfram lífleg umræða um stráka og stelpur og námsárangur þeirra.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Óttarr Proppé.

4. október 2011

2. mál Umræða um skýrslu starfshóps um námsárangur drengja, dags. í september 2011 (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

Óttarr Proppé: Frú forseti, ástkæra borgarstjórn, aðrir áheyrendur. Mig langar til þess að fagna skýrslunni og þakka fyrir það tækifæri að sitja í starfshópnum. Þetta verkefni var sett af stað strax í upphafi kjörtímabilsins og var mikið áhersluatriði fyrir okkur og okkur í meirihlutanum að koma þessu af stað og sérstaklega ánægjulegt að Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi skyldi hafa tekið að sér að leiða hópinn með sína reynslu og þekkingu og þetta hefur verið mjög, svo ég taki undir orð borgarfulltrúans, mjög ánægjuleg og fróðleg ferð. Ég ætla ekki að fara í smáatriðum ofan í niðurstöður skýrslunnar enda hefur borgarfulltrúi Þorbjörg Helga gert það með ágætum en ég hvet alla til þess að kynna sér skýrsluna betur og grafa aðeins í hausinn á sjálfum sér vegna þess að það er margt sem kemur þarna fram sem bæði eru kannski ekki endilega fréttir þótt þær séu staðfestar oft með statistik, heldur líka bara eitthvað sem á við ekki bara inni í skólakerfinu heldur hreinlega fyrir okkur öll.

Þegar verið er að tala um lestur, þá er oft talað eins og lestur sé eitthvað galdratæki sem sé annað hvort á eða af eða on/off og að það að kunna að lesa sé eitthvað sem gerir það þá sjálfvirkt að viðkomandi breytist í bókaorm og liggja í bókum og fræðimennsku, en hinir geti ekki lesið á götuski til gagns. Auðvitað er þetta alltof mikil einföldun en lestur og lesgeta er miklu breiðara svið. Sú niðurstaða að yfir 23% drengja komi út með skilgreininguna að geta ekki lesið sér til gagns í könnunum segir auðvitað ekki að þeir kunni ekki stafrófið heldur þvert á móti að það skorti á lesskilning og getu til þess að innbyrða lesið efni.

Þá erum við oft kannski ekki bara að tala um lestrargetu heldur líka lestrarlöngun sem fylgir nú oft getu, því erfiðara sem maður á með eitthvað, því auðveldara einhvern veginn er að finna sér afsökun fyrir því að gera það ekki. Það að hafa áhuga á umhverfinu og afla sér upplýsinga og þekkingar á umhverfinu og því sem að fer fram í umhverfinu er mjög mikilvægt og verður símikilvægara í flóknu nútímasamfélagi og þó svo að sumir haldi því fram að það sé auðvelt að komast af með því að horfa á sjónvarp og tékka aðeins í tölvuna en lestur sé úrelt fyrirbæri, þeir fara villu vegar vil ég meina, enda sjáum við að lestur og notkun á rituðu máli

4. október 2011

er mjög snar þáttur í allri miðlun, ekkert síður í tölvunni heldur en í bók. Þessar tölvur sem við erum að vinna með, þær byggja jú allar á stafrófinu, það er helsta tenging okkar inn í tölvuheiminn og meira að segja þegar við horfum á sjónvarpið, þá höfum við finnst manni ekki undan að lesa skrifaðan texta sem kemur fram á skjánum, oft svo mjög að það sést varla í viðfangsefnin á bakvið.

Nú, þegar við erum að vinna í skólakerfinu, skólakerfið er auðvitað kerfi sem er alltaf í þróun og verður alltaf í þróun og það skiptir mjög miklu máli í skólakerfi að við séum alltaf að horfa á það sem við erum að gera og horfa á hvernig hægt sé að gera betur. Endanlegt markmið í öllu skólastarfi hlýtur að vera að bæta árangur og ánægju allra nemenda í kerfinu. Og þetta gerum við gjarnan með því að leita okkur upplýsinga, við greinum nemendur ef það er talin hætta á því að nemandinn sé á eftir eða eigi við erfiðleika að etja og úthlutum honum sérkennslu eða stuðning og þetta gerum við í raun og veru eftir að við höfum greint vandamálið og vinna starfshópsins er í raun og veru hluti af þessari þróun, það er að segja að það er verið að skoða vandamál sem fólk hefur tilfinningu fyrir og góðu fréttirnar eru að það er ýmislegt sem styður þá skoðun að drengir eigi í vandamáli, sérstaklega þegar kemur að lestri, og nú höfum við tækifæri til þess að þróa starfshætti okkar áfram til þess að hjálpa þeim nemendum og góðu fréttirnar eru líka, eins og reynslan í til dæmis Hamraskóla og frá Bretlandi sýnir okkur að með þróun kennsluhátta náum við að auka árangur og ánægju allra nemenda, ekki bara drengja, og það hlýtur alltaf að vera markmið í sjálfu sér.

Nú, ég ætla ekki að hafa þetta lengra, mig langaði bara til þess að þakka Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur borgarfulltrúa aftur kærlega fyrir störfin og fyrir samstarfið og hvetja alla til þess að kynna sér þessa stórmerkilegu skýrslu og vona og trú í því sannarlega að áframhaldið muni bæta lífið.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Óttarr Proppé lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir.

4. október 2011

2. mál Umræða um skýrslu starfshóps um námsárangur drengja, dags. í september 2011 (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

Oddný Sturludóttir: Frú forseti, ágæta borgarstjórn. Hér liggur fyrir skýrsla starfshóps um námsárangur drengja sem við höfum rætt í skóla- og frístundaráði, á fyrsta fundi skóla- og frístundaráðs og það má með sanni segja að ánægja með þessa vinnu er gríðarlega mikil. Mig langar, eins og borgarfulltrúa Óttarr Proppé, að þakka starfshópnum kærlega fyrir og sérstaklega formanninum Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur sem hefur leitt þetta af gríðarlegum metnaði og hefur auðvitað til þess að bera yfirgripsmikla þekkingu sem er ákaflega gott fyrir okkur í skólasamfélaginu í Reykjavík að hafa slíka manneskju í stefnumótun menntamála. Eins þykir mér að sjálfsögðu mjög vænt um það að sjá, kannski þvert á það sem stundum heyrir úr pólitískri umræðu, að meirihluti og minnihluti geta svo sannarlega starfað saman sem einn maður og að sjálfsögðu eigum við alltaf að leita allra leiða til þess að dreifa með okkur verkunum og ábyrgðinni, ég tala nú ekki um þegar við eigum svo gott mannval í skóla- og frístundaráði.

En ég ætla aðeins að fara yfir svona tæknilega hluti hér til að byrja með, var eggjuð til þess af formanni starfshópsins, það er að segja hvað verður svo um þessar tillögur. En ég ætla aðeins að víkja hér að uppruninum, af því að ekkert verður nú til úr engu og þessi vinna er, ja, ég ætla nú ekki að segja lokahnykkur á langri leið af því að við erum kannski bara stödd akkúrat á miðri leið núna, búin að greina og kafa mjög djúpt ofan í þetta mikilvæga mál og eftirleikurinn er ekki síður mikilvægur og þar reynir á að við höldum sjó og höldum þessum tillögum á lofti og þessari framkvæmd af jafnmiklum metnaði og til þeirra var unnið. En það er að finna sakleysislega setningu í málefнасamningi Besta flokksins og Samfylkingarinnar sem segir einfaldlega: „Aðgerðir til að vinna gegn áhugaleysi stráka í skólum verði forgangsmál.“ Og af því að þessar fréttir undanfarna daga hafa nú slegið marga og við ræddum þetta meðal annars í okkar hópi þar sem einum borgarfulltrúa verður að orði: „Fyrst við erum búin að kanna og skima eftir læsi í 2. bekk og svo höfum við auðvitað þessi samræmdu könnunarpróf í 4. og 7. bekk, í áratug, höfum við þá vitað svo lengi að strákar stæðu stúlkum svo að baki eins og raun ber vitni og er það ekki grafalvarlegt mál að við höfum ekki gripið fyrr til aðgerða?“ Og þá held ég, þegar ég fór svona að skoða það í mínu baklandi

4. október 2011

hvenær í rauninni þetta varð okkur jafnmikið áhyggjuefni sem gerir það að verkum að þetta ratar inn í stefnumótun og málefнасamning og verður að svona stóru máli á hinum pólitíska velli, þá held ég að sú könnun sem að akademíkarar gerðu hér fyrir, að ég held, þremur árum, þar sem kom í ljós að áhugaleysi stráka í íslensku skólakerfi er með því mesta í Evrópu og þeir voru yngri en í öðrum Evrópulöndum þegar kemur að því að svara spurningunni: Finnst þér námið áhugavert? neikvætt.

Og þetta var ákveðinn kinnhestur, man ég, í skólasamfélaginu á sínum tíma. Ég minnst funda með skólastjórum í Reykjavík og kennurum í Reykjavík þar sem þessi skýrsla var rædd og sannarlega velt fyrir sér hvað er til bóta. Áður hafði einn grunnskóli í Reykjavík, Vesturbæjarskóli, þar sem starfsmaður á skóla- og frístundasviði í dag sem starfaði með þessum hópi starfaði, sett stráka í skólum mjög í forgang hjá sér í allri sinni vinnu og svoleiðis hefur þetta unnist fram til dagsins í dag. En það má kannski segja að þessi könnun á sínum tíma hafi vakið alla mjög til umhugsunar um að skoða þetta sérstaklega.

Nú, nýtt menntaráð vorið 2010 útbýr 11 áhersluatriði fyrir kjörtímabilið sem ganga undir nafninu rauðir þræðir. Þar er þráður 10, og þetta er nú ekki sett fram í neinni mikilvægis- eða forgangsröð, sem heitir strákar og stelpur og um þetta sameinaðist menntaráð á sínum tíma, það er að segja þessa verkefnaáætlun, þó svo að auðvitað séu alltaf einhverjar áherslubreytingar á milli flokka um hvernig þeir vilja sjá hlutina unna og í hvaða röð, en hér segir með leyfi forseta: „Leik- og grunnskólar koma til móts við þarfir stráka og stelpna á jafnræðisgrundvelli og vinna markvisst gegn staðalímyndum kynja og kynbundnu starfsvali. Gangskör verður gerð að því að samþætta kynjasjónarmið í alla stefnumiðun í skólastarfi og sérstaklega leitast við að glæða námsáhuga drengja þar sem marktækur munur mælist á námsárangri kynja.“ Og það er á grundvelli þessarar stefnumótunar sem við vinnum eftir í þá menntaráði og leikskólaráði, nú skóla- og frístundaráði, að þessi vinna starfshópsins um námsárangur og stráka fer af stað. Þannig að það sé allt saman sagt hér.

Nú, tillögurnar tíu, sem eru allar að mínu viti mjög góðar, ansi ólíkar, við skiptum þeim niður í þrennt í ráðinu sjálfu. Við samþykktum sumsé sérstakan starfshóp

4. október 2011

sem rýni líðan stúlkna í skólum og fórum þar að sjálfsögðu eftir þeim áhyggjum sem kviknuðu í starfshópnum sem átti auðvitað sérstaklega að skoða námsárangur og stráka en þegar allar breyturnar voru skoðaðar og öll kurl komin til grafar, þá er það svo áberandi og dúkkar upp aftur og aftur að sjálfsmynd og sjálfstraust og kvíði er alltof algengur hjá stúlkum og sjálfstraust gjarnan mun lægra en hjá strákum. Þannig að þetta fer sérstakur hópur að skoða í kjölfarið af þessari vinnu. Önnur afgreiðsla var að tillögur 2, 3, 4, 5, 7 og 10, svo ég gerist nú bara mjög tæknileg, sem allar snúa að frekari greiningu, samkeyrslu breyta, sérstakri skoðun á sérkennslu, sérstakri áherslu á að nýta niðurstöður úr lesskimun þannig að við séum nú raunverulega að vera gagnrýnin á okkur sjálf og að vinna að betra skólastarfi, það verði sett inn í þennan eftirfylgnihóp sem formaður hósins, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi, kom inn á, heldur áfram að starfa og yfirstjórn skóla- og frístundasviðs verði falið að vinna áfram að þessum tillögum.

Síðan voru þarna þrjár tillögur sem formaður starfshópsins gerði ágæt skil sem allar snúa sérstaklega að lestri barna. Glæða áhuga barna, kalla fram fyrirmyndir, sérstaklega karlkyns fyrirmyndir sem lesa, og að koma á frekara samstarfi milli þeirra sem koma að bókaútgáfu, sérstaklega tengja saman rithöfunda og útgáfu námsbóka. Þessum þremur tillögum viljum við vísa inn í þá vinnu sem nú fer af stað hjá borginni í kjölfar þess að við fengum tilnefningu sem bókmenntaborg UNESCO. Þar er kveðið sérstaklega á um, bæði í umsókninni okkar og svo umsögn bókmenntaborgarinnar eða þeirra sem veita þessa tilnefningu, að Reykjavíkurborg hafi að mörgu leyti gert góða hluti, sé með jákvæðan fókus, til dæmis almenningsbókasöfn og að skólarnir hafi síðustu ár verið að standa sig vel í því að setja lestur sífellt framar í sína forgangs röðun og því fannst okkur mikilvægt að tengja þetta tvennt saman og það gefast auðvitað mjög mörg tækifæri til þess að nýta þessa tilnefningu, sem er okkur veitt til allrar eilífðar, það er að segja ef við förum ekki að dragast mjög aftur úr og sinnum þessu ekki sem skyldi, og ég hef nú engar áhyggjur af því, og því eru ótrúlega mörg tækifæri til frekari vinnu með kennurum, foreldrum, börnum og ungmennum, bókasöfnum, rithöfundum og hér halda okkur engin bönd. Þannig að þessar þrjár tillögur fara inn í samstarfshóp skóla- og frístundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs sem skoðar þetta í þessu samhengi og samspili við UNESCO.

4. október 2011

Síðan var ákveðið að samþykkja allar tillögurnar og að starfshópurinn sjálfur beri áfram ábyrgð á framgangi vinnunnar með reglubundnum fundum þar sem framkvæmdinni verður fylgt eftir og við ýtum þá og sláum í klárinn ef okkur finnst eitthvað vera að detta út af borðinu og styðjum auðvitað við skóla- og frístundasvið og skólana í allrahanda verkefnum sem fram koma og eins bættum við þar við að samspil frístundastarfsins og framboðs þar sé líka mikilvægur liður í því hvernig við skoðum börn og ungmenni og líðan þeirra í námi og starfi og leik.

Síðan bókuðum við því að við erum með alla flokka í skóla- og frístundaráði og fulltrúi VG hefur verið með, að því er mér finnst, málefnalegar athugasemdir við þessa vinnu sem við erum kannski ekki öll sammála alveg um meginatriðin í gagnrýni fulltrúa VG en hún hefur haldið nokkrum sjónarmiðum á lofti sem eru allra góðra gjalda verð en við bókuðum þar við þau sjónarmið að sjálfsögðu væri, burtséð frá allri þessari vinnu og öllu því sem út úr henni kemur, ávallt mikilvægt að brjóta niður þá tálma sem hefðbundin kynhlutverk og staðalmyndir kynjanna setja okkur og það er auðvitað risavaxið verkefni sem við öll höfum sterka skoðun á.

Aðeins vegna þess að þetta er ekki einungis, ja, af því að ég minntist hér á í byrjun verkefnaáætlun í skólamállum, rauðu þræðina okkar tíu og þann eina græna, að það sem er svo jákvætt við þessa vinnu um námsárangur og stráka, er að það tengist inn í svo marga þætti. Það tengist inn í þráðinn um faglega forystu og það hvernig við innleiðum viðmið um góða kennslu og nám. Það tengist að sjálfsögðu inn í þráðinn um nýja aðalnámskrá og tækifærin sem tengjast henni, meiri sveigjanleika. Þriðji þráðurinn fjallar um læsi og lesskilning og þetta auðvitað hjálpar mjög til, þessar upplýsingar sem við fáum hér úr vinnu starfshópsins inn í þá vinnu alla. Við erum einnig með starfshóp um mótun lestrarstefnu og annan starfshóp um mótun lestrarstefnu og annan starfshóp um málþroska og læsi þar sem við tengjum saman skólastigin tvö. Foreldrar og skóli er vinna sem fór strax af stað eins og strákahópurinn hennar Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur. Hann hefur skilað af sér og þar erum við að hugsa um skólana fyrst, erum að endurmennta skólastjórnara okkar í grunnskólum í gerð foreldrastefnu fyrir hvern skóla og ég

4. október 2011

held að við vinnum þessu máli, ég tala nú ekki um þegar kemur að menningu drengja og því hvernig við lítum á stráka og stelpur og því hvernig fyrirmyndir við erum sjálf án þess að foreldrarnir komi þar mjög sterkt inn.

Nú, fimmti þráðurinn er menning í skólum og þar erum við auðvitað alltaf að gera betur í dag en í gær, til að mynda markmið um menningarfána og við vitum það auðvitað að menning í skólum er allra handa og þessi menning sem stundum er kölluð drengjamenning, hún á ekki síður rétt á sér en önnur menning og verður spennandi að sjá hvernig skólarnir taka á því þegar þeir, einhverjir þeirra, sækjast eftir því að flagga menningarfánanum. Síðan var ég búin að tala um þráðinn sem kemur sérstaklega að strákum og stelpum sem nú hefur skilað af sér þessari góðu vinnu. En af því að ég talaði hér um þráð nr. 1 sem kemur að viðmiðum um góða kennslu og nám, þá held ég að þessi skýrsla og lestur hennar, sem er auðvitað mjög áhugaverður, en ég ætla eindregið að mæla með því að þeir sem kynni sér hana lesi kaflann um skipulag kennslu og kennsluhætti og þetta er auðvitað það sem engin ein tillaga er um í vinnu starfshópsins og við ræddum það auðvitað bæði á skólastjórafundi sem og í skóla- og frístundaráði.

Það er kannski nokkuð yfirgripsmikið til þess að forma það í eina ákveðna tillögu en það kemur svo skýrt fram í öllu skólastarfi að kennsluhættirnir sjálfir, markvissir kennsluhættir og kennsluhættir sem miða að því að laga námið að einstaklingnum, eins og við höfum auðvitað verið að setja okkar veg í Reykjavík og á landinu öllu sl. áratug, markmið um endurgjöf, markmið um að börn viti til hvers er ætlast af þeim í upphafi kennslustundarinnar og svo hvernig henni lýkur, allt eru þetta gríðarlega mikilvæg atriði og þetta sá starfshópurinn auðvitað svo glöggur í heimsókn sinni í Hamraskóla, sem hefur mikið horft til Ardleigh Green og skólastjórinn þar, þetta er skóli rétt fyrir utan London, hann hefur verið okkur hér innan handar í Reykjavík og er hreint út sagt ótrúlega lifandi og skemmtilegur skólastjóri og gaman að fá að kynnast honum. Þar byggir hann á þessum viðmiðum um skipulag kennslustunda, einbeitingu nemenda og svo vinna þau með svokallað jafningjamat. Þannig að það er sífelld endurgjöf á hvað nemandinn er að fást við hverju sinni.

4. október 2011

Ég tek undir það sem kemur fram í skýrslu starfshópsins á bls. 29, með leyfi forseta, að hann telji mikilvægt að verkefnið, það er að segja í Hamraskóla, sem er að geta af sér svo góðan árangur, að verkefnið sé metið á eigindlegan og meginndlegan hátt og kynnt sérstaklega fyrir öðrum skólum í kjölfarið til að upplýsingar um reynslu kennara og nýja kennsluhætti komist í fleiri skóla. Því áskorunin er alltaf sú þegar svo góð og merkileg vinna fer fram, hvernig komum við henni áfram? Nú vitum við að það er einn skóli í borginni sem nær mjög góðum markmiðum fram með þessum aðferðum en hvernig flytjum við þá þekkingu á milli? Það er sífelld áskorun. Hvernig verður flæði þekkingar á milli skóla? Því er mjög ánægjulegt að sjá hvernig starfshópurinn hefur unnið með greiningu á hverjum og einum skóla og þetta sáum við borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir á fundi með skólustjórum að þeir voru gríðarlega spenntir fyrir því að fá þetta landakort, eins og við kölluðum það, á fundinum, þar sem þeir geta skoðað: hvernig kemur minn skóli út? Hvernig er hann að mæta þörfum drengja annarsvegar og hvernig er hann að mæta þörfum stúlkna hinsvegar?

Einhverjir skólar eru, má kannski segja út frá greiningunni, búnir að hitta á einhvern töfrann þar sem kennsluáferðirnar og kennsluhættirnir koma mjög vel út, bæði þegar árangur og líðan drengja og stúlkna er skoðaður og þá verðum við auðvitað bara að setjast niður og segja: hér er eitthvað sem við hin viljum læra af. Þetta er gríðarlega mikilvægt og ég held að við þurfum alveg sérstakan fund. Nú er það svo að einhverjir verða kannski ekki á landinu í allan vetur en við höfum rætt það að það væri mjög spennandi að skoða þetta í stærri hópum kennara, fá þá til samtals um þetta og hvernig við útbúum þessa verkfærakistu með öllum þeim verkfærum sem virka fyrir alla kennara í borginni, inn í hverja einustu skólstofu. Það er mesta áskorunin.

En þessi kafli, hann hefst hér á bls. 28 og lýkur á bls. 31, er gríðarlega merkilegur aflestrar og þar er til að mynda fjallað um niðurstöðu TALIS kannana sem eru alþjóðlegar kannanir á viðhorfi kennara til síns eigin starfs og þar eru mjög merkilegar upplýsingar um íslenska kennara versus aðra kennara sem er mjög gaman að skoða og vinna frekar með í framtíðinni. En fyrst og síðast er það auðvitað svoleiðis að galdurinn við góða kennslu og góðan skóla er að vekja

4. október 2011

áhuga hjá nemendum. Ef nemendurnir hafa ekki áhuga á því sem við berum á borð fyrir þá, þá gerist ósköp lítið og það finnst mér standa hér á hverri einustu blaðsíðu í þessari skýrslu, það er þessi augljósi metnaður fyrir því að gera vel, vera gagnrýnin á okkar eigið starf og að börnin í þessari borg eigi alltaf það skilið að við séum á tánum og full af metnaði til þess að vekja þeirra áhuga og sníða okkar kerfi að þeim en ekki þau að kerfinu.

Einu sinni var sagt: ekkert barn býr við skerta námsgetu, það er bara ekki með námsefni og kennsluhætti við hæfi. Ég held að það sé mjög mikið til í því. Jafningjamatið í Hamraskóla byggir á mjög skemmtilegum frasa, ef við getum kallað það það, sem starfshópurinn og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir sögðu okkur frá þegar þau kynntu verkefnið fyrir skóla- og frístundaráði. Jafningjamatið byggir á því að börnin flytja verkefnið, eru sífellt að flytja afrakstur síns starfs fyrir bekkinn og bekkurinn metur það jafnt og þétt og það er ekki í formi neins niðurrifs eða slíks. Þar eru gefnar þrjár stjórnur og ein ósk. Þrjár stjórnur eru þá fyrir eitthvað gott sem þetta verkefni fól í sér og óskin er þá ósk um að eitthvað annað gæti farið betur.

Þetta fannst okkur einfaldlega frábært og ég ætla að ljúka máli mínu á því að gefa hér þrjár stjórnur og eina ósk. Stjórnurnar þrjár fara auðvitað til barnanna í þessari borg, bæði stráka og stelpna. Stjarna númer tvö fer til Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur og starfshópsins sem vann þetta verk, sem er alveg hreint ótrúlega vel og vandlega unnið, og þriðja stjarnan fer svo til skólanna okkar, menntasviðs, starfsfólks á grunnskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs, sem hefur lagt sig í framkróka við að gera þetta eins vel og hægt er og ég skynja mjög mikinn metnað á að fylgja þessu eftir. En óskin, óskin er auðvitað sú að við höldum áfram að vera gagnrýnin á okkur sjálf og ekki meðvirk með okkar eigin kerfi því við getum alltaf gert betur og þessi skýrsla segir okkur það því við eigum auðvitað að vinna að því baki brotnu að kerfið okkar og skólarnir okkar séu sífellt að bæta sig með metnað og umhyggju fyrir börnunum í þessari borg að leiðarljósi. En að þessu sögðu þakka ég enn og aftur fyrir þessa góðu vinnu og hlakka til framhaldsins.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Hjálmar Sveinsson.

4. október 2011

2. mál Umræða um skýrslu starfshóps um námsárangur drengja, dags. í september 2011 (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

Hjálmar Sveinsson: Forseti, borgarstjórn. Ég hef engar stjórnur að gefa, borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir er búin að gefa þær, þær verða ekki gefnar tvisvar við núverandi stjórnkerfi. En ég er sammála hrósinu sem kom fram og hef þó ekki lesið skýrslu starfshóps um námsárangur drengja jafnítarlega og hún gerði en ég hef þó lesið hana og finnst hún frábær og afar upplýsandi. Eitt af því sem er frábært að lesa í henni er að það er svo auðvelt að koma sér upp svona einföldum skoðunum á allskyns hlutum. Til dæmis að skólakerfið okkar sé ömurlegt fyrir drengi en frábært fyrir stúlkur vegna þess að það eru eingöngu kvenkennarar og svo framvegis. En þessi skýrsla sýnir á mjög yfirvegaðan hátt að það eru engar svona einfaldar skýringar á hlutunum og sýna auðvitað að skólakerfið, rétt eins og samfélagið sem við lifum í, er mjög flókið og það eru margar ástæður fyrir því að hlutirnir taka ákveðna stefnu en ekki aðra.

En mér finnst líka vera svolítið mikilvægt að nota þetta tækifæri þegar er verið að tala hér um þessa skýrslu hér í borgarstjórn, svona til að tala almennt um stöðu menntunar í okkar samfélagi. Og það vill þannig til að þegar ég starfaði sem fjölmiðlamaður í mörg ár á Ríkisútvarpinu, þá fjallaði ég mjög mikið, svona á árunum 2001, 2 og 3, um menntun, um skólakerfið, grunnskólakerfið einkanlega og það var út af því að þá voru að berast tölur frá, ég man ekki hvort það var TIMSS þá eða hvort PISA var komið til sögunnar, allavega voru þessar stóru kannanir, mælingar á getu krakka í tilteknum fögum, náttúrufræði, lestri, stærðfræði, og eins og margir muna örugglega, þá var það svolítið sjokk að íslenskir krakkar eða íslenskir nemendur komu frekar illa út. Og reyndar fannst mér þá að það ... ég varð pínulítið undrandi á því að það skyldi ekki vekja meiri athygli í þjóðfélaginu. Ég hafði aðeins samanburð frá Þýskalandi þar sem varð líka dálítið sjokk í Þýskalandi. Þar reyndar var kúrfan dálítið öðruvísi vegna þess að í þessum prófum kom þá í ljós hér á Íslandi ef ég man rétt, sem er út af fyrir sig ágætt, að kannski krökkum sem gekk illa í skóla almennt, þau virtust njóta sín betur í íslenska skólakerfinu en kannski síður þau sem voru í meðallagi eða mjög góð og það var akkúrat öfugt í Þýskalandi. Það er að segja að þeir voru að standa

4. október 2011

sig vel hjá þeim sem voru í meðallagi og mjög góðir en illa hjá þeim sem voru slakir.

En þetta varð til þess að það fór af stað alveg gríðarlega mikil og hörð umræða í Þýskalandi um menntakerfið og um þetta allt saman og þetta var svona ákveðið sjokk fyrir Þjóðverja sem töldu sig vera mikla menntaþjóð, að standa til dæmis Fínum og ýmsum öðrum langt að baki og ég saknaði svolítið þessa metnaðar hér. Mér fannst vera svona pínulítið metnaðarleysi og varð reyndar var við það að það fór pínulítið í taugarnar á yfirvöldum menntamála og líka ýmsum stjórnendum skóla þessi umræða sem fór fram þá í Ríkisútvarpinu um þessi mál. Og það er kannski vísbending um það að hér hafi ekki verið svona alveg eins mikill metnaður í gangi í sambandi við menntamál og ég held að það sé einmitt því miður staðreynd og það hefur komið margoft í ljós í allskyns lífsviðhorfaskönnunum þegar eitthvert úrtak Íslendinga er spurt að því hvað það telji mikilvægast í lífinu eða eitthvað slíkt, þá er menntun oft í kannski 3., 4. eða 5. sæti og það eru ýmsir aðrir hlutir ofar og ástæðan er þá væntanlega sú að fólk sér fullt af dæmum um fólk sem vegnar ágætlega í lífinu án mikillar menntunar. Og það er í sjálfu sér fagnaðarefni en það er kannski ekki mjög góð stefna til að byggja á, að menntun skipti ekki máli. Þetta hefur komið fram líka, að ég tel, þannig að hér var lengi vel í grunnskólum færri kennsludagar, færri kennslustundir yfir árið heldur en í eiginlega flestum viðmiðunarlöndunum í OECD sem bendir til þess, væntanlega, að Íslendingar hafa talið að það skipti ekkert ægilega miklu máli hvort íslenskir krakkar væru talsvert skemur í skóla heldur en í öðrum löndum, vegna þess að menntunin skipti ekki svo miklu máli þegar á reyndi í skóla lífsins.

Þetta viðhorf sem hefur lengi fylgt okkur kemur að mínu mati meðal annars fram í hálfgerðum skollaleik sem hefur viðgengist hér mjög lengi þegar sveitarfélögin fara að semja við kennarasambandið um kjarabætur, þá eru samningarnir þannig að það er ekki verið að veita kennurunum betri laun, sem þeir eiga skilið, heldur semja þessir tveir aðilar um það að fækka kennsludögum, fækka skóladögum. Þetta hefur gerst trekk í trekk og þetta finnst mér líka vera eitthvað svona rangt og bera vott um eitthvað svona metnaðarleysi, eitthvað svona ástríðuleysi gagnvart

4. október 2011

menntun og þarna eru í rauninni tveir samningsaðilar að gera samning sem í rauninni bitnar á öðrum, það er að segja á krökkunum sem hafa lengi vel fengið færri skóladaga og kennsludaga og þá segja sumir: ja, er það ekki allt í lagi? En ég segi nei, vegna þess að ég trúi því að kennsla skipti máli og þess vegna skipti það máli hvort þú ert 170 daga í skóla á ári eða 180. Ef ég teldi að það skipti engu máli, þá mætti fækka þessu örugglega niður í 100 daga eða jafnvel sleppa því alveg. En ég trúi því að það skipti máli að vera í skóla og ég trúi því líka að það séu til góðir skólar á Íslandi eins og kom fram hérna aðeins áðan.

Svo er eitt annað sem mig langar aðeins til að nefna að það hefur fylgt okkur ákveðin menning sem kemur fram í því meðal annars að það þykir ægilega kúl að vera lélegur í stærðfræði og fólk segir þetta mjög oft hér og þar, að það hafi aldrei getað neitt í stærðfræði og það finnst öllum það bara einhvern veginn frábært. Ég kannast við það sjálfur vegna þess að ég er sjálfur einn af þessum aulum sem gekkst upp í því að monta mig af því að vera lélegur í stærðfræði og ég held að þetta sé einhverskonar hugsunargangur sem ég held að sé ekkert voðalega frjór, hann er ekki einu sinni skemmtilegur og ekkert sérlega uppbyggjandi heldur. Ég man þegar ég var að setja mig vel og mikið í þessi próf og útkomuna sem kom út úr þeim, TIMSS og PISA, þá las ég viðtal við náunga sem mig minnir að hafi heitið Manfred Prenzel og er einn af aðal hugmyndafræðingunum á bakvið þessar aðferðir, að vera með svona stórar alþjóðlegar mælingar á þessu, á námsárangri í grunnskólum og margir vita það sem hafa kynnt sér þetta að þetta er allt umdeilt og svo framvegis, hvernig ber að túlka þetta. En mér er það eftirminnilegt að viðtalið sem ég las við hann var að hann sagði, svona þvert ofan á það sem margir segja, sem segja: það þarf að breyta kerfinu og eitthvað slíkt, breyta skólakerfinu, hann sagði að að sínu mati skipti það í rauninni engu máli hvernig skólakerfið væri heldur það sem skipti öllu máli væri andinn í skólanum, það væri hinn andlegi metnaður í skólastarfinu, í skólastofunni, sem skipti öllu máli og það skipti engu máli hvort að þetta væri Waldorf-skóli eða stór ríkisrekinn grunnskóli eða einhver tegund af Hjallaskóla eða einkaskólum eða hvað það nú heitir, heldur væri það hinn andlegi metnaður í skólunum sem skipti öllu máli. Og það gæti til dæmis komið þannig fram að ef einhver nemandi yrði veikur í þrjá daga og þyrfti að hringja í skólann og tilkynna veikindin sín, að þá hugsaði þessi nemandi ekki:

4. október 2011

jibbí, ég er veikur, ég slepp við skólann í þrjá daga, heldur: fjandinn, það átti einmitt að fara yfir fyrri heimsstyrjöldina og kreppuna á morgun og hinn og ég missi af því. Það er að segja að nemandinn finnur að hann missir af einhverri svona andlegri næringu sem hann er svolítið farið að langa að öðlast og veit að hann fær hana í skólanum.

Ég veit að þetta eru svolítið almenn orð en ég held – og það kom hérna fram svolítið áðan – að ein skýring, ein af mörgum skýringum kannski á svolítið slökum árangri stráka í íslenska skólakerfinu, eru kannski frekar slappar fyrirmyndir feðra sem monta sig af því að hafa verið lélegir í stærðfræði, er ónóg virðing fyrir menntun og skólastarfi og það er eitthvað sem við þurfum að bæta. Ég held líka að sveitarfélögin og kennarasambandið eigi að leggja af þann sið að vera með samninga með þeim hætti sem ég lýsti áðan og mér finnst að bæði sveitarfélögin og líka kennarasambandið mættu gjarnan sýna svolítið meiri metnað gagnvart menntuninni sjálfri í stað þess að vera alltaf að horfa bara í launatölur og útgjöld og svo framvegis, þannig að þetta er sjálfsgagnrýni og gagnrýni á kennarasambandið en ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri nema það að ég er líka með eina ósk og hún er sú að umræða um skólamál og menntamál snúist hjá okkur ekki bara um vandræði við sameiningu skóla eða um launamál heldur um þann andlega metnað sem þarf að ríkja í góðum skólum eða í skólunum og hvað hægt er að gera til þess að hann aukist eitthvað örlítið á næstu misserum.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hjálmar Sveinsson lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

4. október 2011

2. mál Umræða um skýrslu starfshóps um námsárangur drengja, dags. í september 2011 (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Íslenskt samfélag, eins og reyndar heimurinn allur, einkennist af því sem stundum er kallað kynjakerfi og ég ætla að tala dálítið mikið um kynjakerfi, bæði í þessari ræðu minni og seinna í dag, ykkur til upplýsingar og skemmtunar. Kynjakerfið á rætur sínar að rekja aftur til fornaldar og það viðheldur sér sjálft með reglum og gildum og viðmiðum og samþykktum sem enginn kannast við að hafa ákveðið. Kynjakerfið gerir ráð fyrir að karlar séu einhvern veginn og konur séu öðruvísi. Það hefur lítið umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika innan hvors kyns um sig og það kann illa við ögranir eða áskoranir. Þegar slíkt kemur upp beitir kynjakerfið sér af miklum krafti með kraftmiklum tækjum til að viðhalda óbreyttu ástandi því breytingar eru það versta sem það veit.

Rannsóknir sýna að kynjakerfið hefur áhrif á okkur frá því að við fæðumst og þangað til við deyjum, þangað til eftir að við erum dáið. Sýnt hefur verið fram á að nýfædd börn fá mjög ólík viðbrögð frá fullorðnu fólki strax á fæðingadeildinni, þar sem þeim eru tileinkaðir eiginleikar samkvæmt uppskrift kynjakerfisins og staðalmyndum þess. Þannig eru stelpur taldar fínlegar og viðkvæmar en strákar taldir kraftmiklir og sterkir. Þetta kom skýrt í ljós í rannsókn þar sem fólk fékk misvísandi upplýsingar um kyn barnanna. Að sama skapi hafa minningargreinar dagblaða verið rannsakaðar með sömu niðurstöðu. Dreignir eru fram eiginleikar sem eru kynjakerfinu þóknanlegir, eiginleikar sem ríma ljómandi vel við staðalímyndirnar. Það er kannski ekkert skrítið að í minningargreinum komi eiginleikar staðalímyndanna skýrt fram, enda hafa einstaklingarnir lifað allt sitt líf í kynjakerfinu. Lifað við bein og óbein skilaboð um hvernig við eigum að hegða okkur, hvaða áhugamál við eigum að hafa, hvort og í hverju við eigum að mennta okkur, við hvað við eigum að starfa og hvernig við eigum að koma fram. Hvernig við eigum að líta út, hvernig við eigum að hugsa um okkur sjálf og hvernig við eigum að hugsa um aðra. Þessi skilaboð eru mjög áhrifarík, við tökum öll mið af þeim og við förum öll eftir þeim, þó í mismiklum mæli sé.

4. október 2011

Staðalmyndirnar hafa svo sem breyst aðeins í tímans rás, kynjakerfið hefur ekki alveg náð sínu fram, en breytingarnar eru smávægilegar. Rannsóknir á staðalmyndum, karlmennsku og kvenleika, hafa sýnt fram á að þær einkennast af tvíhyggju, sum sé að það sem tileinkað er einu kyninu verður að vera andstætt hjá hinu kyninu. Þannig þykja karllægir eiginleikar vera líkamlegur styrkur, ævintýraþrá og áhættusækni, tilfinningalegt hlutleysi, yfirráð, sjálfstraust og einstaklingshyggja á meðan kvenlægir eiginleikar þykja vera líkamlegur veikleiki, áhættumeðvitund, tilfinningasemi, þær eru taldar meðfærilegar, óákveðnar og með lágt sjálfstraust auk þess sem þær hugsa um heildina en ekki einstaklinga. Rannsóknir á áhrifum kynjakerfisins sýna að strax í leikskólum eru börn orðin algerlega meðvituð um hlutverk sín sem stelpur og strákar. Þau velja heldur að leika við félagi af sama kyni en gagnstæðu og þau eru þá þegar farin að nota aðgreiningu til að rökstyðja val sitt umfram samsömun. Þannig vilja strákar frekar vera í bláu en bleiku af því bleikt er stelpulitur en ekki af því að blátt er strákalitur. Þarna kemur áður nefnd tvíhyggja strax fram. Alla ævi halda svo stelpur og strákar og konur og karlar áfram að leggja sig fram um að aðlaga sig staðalmyndunum, jafnvel þótt enginn ætli sér það. Reglurnar eru nefnilega óskráðar og þær eru jafnvel ónefndar en samt alveg skýrar. Þetta leiðir svo til þess að vinnumarkaðurinn er kynskiptur og samfélagið í heild sinni að mjög miklu leyti.

Forseti. Staðalmyndirnar eru heftandi. Þær fækka möguleikum okkar og draga úr fjölbreytileika. Þær hafa áhrif á velgengni okkar. Þær hafa áhrif á líðan okkar, hæfileika og framlag til samfélagsins, meðal annars á því sviði sem hér er verið að ræða. Staðalmyndirnar hafa áhrif á frammistöðu kynjanna í skóla, árangur þeirra og líðan. Og það hefur svo aftur, frammistaða, árangur og líðan í skóla, hefur svo aftur áhrif á möguleika og líðan þessara einstaklinga, stráka og stelpna, á öðrum sviðum lífsins. Skýrsla starfshópsins sem hér er til umræðu er að mörgu leyti ágæt og rímar mjög vel við það sem ég hef hér farið yfir um kynjakerfið. Þar eru ýmsar mögulegar ástæður raktar og farið yfir niðurstöður rannsókna sem eru góðar. Um tillögurnar sjálfar ætla ég ekki að hafa mörg orð, heldur vísa bara í bókun fulltrúa okkar í menntaráði, enda eru tillögurnar sem slíkar ekki hér til umræðu.

4. október 2011

Mig lagnar þó að fara aðeins yfir nokkur atriði. Fyrir það fyrsta eiga öll stálpuð börn að geta lesið sér til gagns. Bæði strákar og stelpur. Og það er alvarlegt að svo sé ekki í dag. Það er auðvitað mjög alvarlegt og það er áhyggjuefni að fleiri strákar lesi sér ekki til gagns en stelpur en aðgerðirnar verða þó að nýtast öllum og það hefur Þorbjörgu Helgu og félögum hennar í starfshópnum svo sem tekist ágætlega upp með að leggja til og taka það fram með reglulegu millibili í skýrslunni, sem er gott. En það sem ég vil segja um mögulegar ástæður fyrir kynjamuninum sem kemur fram í skýrslunni, er að ég hef mjög litla trú á eðlis- og líffræðilegum skýringum. Jafnvel þó að þær væru til staðar, þó að það væri til staðar einhver eðlismunur á kynjunum, þá er það eitthvað sem við eigum að geta unnið með. Við sem borðum með hnífapörum og pissum í klósett, jafnvel þótt eðli okkar geri ekki ráð fyrir því, við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja það að öll börn geti lesið, stelpur og strákar, alveg sama hvað eðli eða meint eðli segir að þau geti gert.

Aðrar skýringar, þ.m.t. fjölskylduskýring, gagnrýnin skýring, karlmenskuskýring og menningarleg skýring eiga rætur sínar að rekja til femínisma og hefðu í rauninni allar geta verið undir einum og sama kaflanum sem heitir femínísk skýring. Ég ætla svo sem ekkert að fara að munnhöggvast um það en mig langar aðeins til þess að koma inn á það vegna þess að allar þessar skýringar eru að vísa í margumrætt kynjakerfi, sem ég þreytist ekki á að ræða um, og þau ólíku hlutverk sem við ætlum stelpum og strákum og konum og körlum. Það að við ætlumst til ólíkra hluta af stelpum og strákum er vegna staðalmyndanna. Það sama á við um agann sem virðist vera mismikill í kringum stelpur og stráka og svo hversu töff það er að gera eitthvað. Ef fjárfesting í námi er bara fyrir stelpur og nörd, þá er hún ekki fyrir stráka. Þetta er klassískt dæmi um aðgreiningarrök tvíhyggjunnar. Við verðum að aðgreina okkur, við megum ekki vera eins og hitt kynið.

Eitt sem vakti athygli mína og vakti mig til umhugsunar var frammistaða stelpna, og þá kannski sérstaklega í samhengi við líðan þeirra, og mig langar til þess að varpa fram hérna einhverju sem ég hef verið að hugsa um, að mögulega getur það verið að meint jafnrétti á Íslandi sé að gera óraunhæfar kröfur til stelpna. Getur verið að það sé þannig að af því að stelpur eiga að eiga sömu möguleika og

4. október 2011

strákar, jafnvel þótt það sé náttúrulega ekki þannig þegar kemur að launum eða stjórnunarstöðum, að þá verði stelpurnar að standa sig sama hvað tautar og raular. Getur verið að jafnvel þótt þær séu kvíðnar og líði illa, að þá verði þær að standa sig vegna þess að annars geti þær ekki uppfyllt skilyrðin um að hér ríki jafnrétti vegna þess að þær verða aldrei ráðnar sem vanhæfar, illa menntaðar eða einhversstaðar þar sem þær standa ekki körlunum fremri.

Einhver sagði einhvern tímann við mig að raunverulegt jafnrétti myndi nást þegar vanhæfu konurnar yrðu ráðnar til jafns við vanhæfu karlanna. Og ég held að nokkuð sé til í því og þetta gæti verið hluti af því, að stelpur verða að standa sig, sama hvað tautar og raular, en strákar geta leyft sér að finnast leiðinlegt að lesa og lesa þá bara ekki. Með því er ég ekki að ætla strákunum neitt illt og ég er ekki að segja að þeir séu á einhvern hátt ábyrgir fyrir þessu heldur er það samfélagið, kynjakerfið, sem ætlast til ólíkra hluta af stelpum og strákum. Að öðru leyti vil ég bara fagna því að skýrslan skuli taka á staðalmyndum að því marki sem þar er gert og þeim mýtum sem hafa verið uppi í samfélaginu um nokkurt skeið og hvernig þeim er hafnað bara með tiltölulega afgerandi hætti. Meðal annars því að skortur á karlkynskennurum skuli vera ástæða slaks námsárangurs drengja, enda er sú kenning bæði órökstudd og tilhæfulaus að mínu mati. Og þá verð ég nú aðeins, þó ég hafi ekki ætlað að koma inn á tillögur starfshópsins, þá verð ég að segja að tillagan sem lýtur að frekari rannsóknum á þessu sviði tel ég vera fullkomlega óþarfa og ég held að við ættum að verja kröftum og mannauði skóla- og frístundasviðs betur en það.

Nú, svo vil ég líka segja að það er hér eftir sem hingað til skoðun okkar Vinstri grænna, og ég held að ég hafi rakið það dálítið ágætlega hérna áðan, þegar ég var að fara yfir það hvernig kynjakerfið er og hvernig karllægir og kvenlægir eiginleikar falla ágætlega að niðurstöðum skýrslunnar, að þá er það skoðun okkar að líðan og námsárangur kynjanna í skólunum verði að skoðast heildstætt. Við verðum að skoða málið út frá staðalmyndum og áhrifum þeirra. Þess vegna, að því tilefni, vil ég reyndar spyrja borgarfulltrúa meirihlutans hér inni hvort einhver viti hvað hafi orðið um tillögu okkar Vinstri grænna í menntaráði um að skoða, hvernig sem það var nú orðað, að skoða þetta mál út frá staðalmyndum og áhrifum

4. október 2011

þeirra almennt. Það var tillaga sem lögð var fram í menntaráði á sínum tíma og vísað til mannréttindaráðs og síðan hefur ekkert til hennar spurst. Þetta er eitthvað sem ég tel mjög mikilvægt að verði fylgt eftir og beini ég því til borgarfulltrúa meirihlutans hér.

Að öðru leyti þakka ég fyrir skýrsluna, tel að hún muni nýtast ágætlega sem viðbót inn í umræðuna um stráka og stelpur í skólakerfinu og samfélaginu svo sem almennt.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Og borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir óskar eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

4. október 2011

2. mál Umræða um skýrslu starfshóps um námsárangur drengja, dags. í september 2011 (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

Oddný Sturludóttir: Frú forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þessi tillaga var, ef mig rekur rétt minni til, lögð fram af fulltrúa VG á þeim fundi þar sem við settum strákahópinn af stað og við tókumst á um það í einhvern tíma. Ekki voru allir sammála um að henni ætti að vísa inn í mannréttindaráð en það varð ofan á og hér situr enginn fulltrúi mannréttindaráðs í salnum en við skulum bara kanna þetta eins fljótt og auðið er og vonandi fá svör hér inn á fundinn hvar tillagan er niðurlögin og afgreiðsla hennar.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir lokið við að veita andsvar og næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir.

4. október 2011

2. mál Umræða um skýrslu starfshóps um námsárangur drengja, dags. í september 2011 (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

Eva Einarsdóttir: Kæri forseti, kærur borgarfulltrúar og kærur borgarbúar. Ég vil byrja á því að þakka Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur borgarfulltrúa og formanni starfshópsins sem er á bakvið skýrsluna sem hér um ræðir og auðvitað öðrum sem sátu í þessum ágæta hópi. Ég ætlaði nú bara rétt að koma hérna upp, mér finnst félagar mínir og aðrir góðir borgarfulltrúar hafa gert efninu góð skil, það er að segja um innihaldið og eins um tillögurnar. Eins fannst mér hugleiðingar Hjálmars Sveinssonar áhugaverðar og góð viðbót inn í umræðuna um viðhorf til menntamála og gildi menntunar en mig langaði, já, bara svona rétt að koma upp og segja að ég held að svona vinna sé alltaf þörf, ég held að þótt að við séum að athuga árangur drengja, þá tel ég að það þurfi ekkert endilega að halla á hag stúlkna, það er að segja þegar maður skiptir upp kynjunum, ef við förum út í þá sálma. Það er að segja að ef við erum að lækna eitt sár á hendinni, að þá séum við að lækna allan líkamann. Og ég held að ef við erum að kanna bæði hvernig strákum og stúlkum líður í skóla og erum að vinna að því að bæta það, að þá muni það á endanum bæta skólabrag og það er það sem við erum að reyna að fá fram með þessu sem við erum að gera hér.

Mig langaði bara rétt að koma inn á það að þar sem nú hefur verið nýtt svið stofnað, skóla- og frístundasvið eða SFS, sem við erum að læra að nota í daglegu máli, að þá finnst mér tilefni til að þeir sem starfa að frístundamálum hafa oft aðra nálgun í sínu starfi með börnum og ungu fólki og ég tel að reynsla þeirra muni örugglega koma til góða við útfærslu tillagnanna og ég held að það sé eitthvað sem er bara hið besta mál og eins langaði mig að óska eftir því að ungmennaráð Reykjavíkur fengi að skoða tillögurnar og koma með tillögur til okkar kannski eða álykta til okkar og koma með sínar skoðanir. Því þau hafa oft aðra sýn kannski heldur en við, þannig að ég held að það væri hið besta mál.

Fyrst formaður SFS nefndi hér áðan þrjár stjórnur og ósk, kerfi sem notað er til að rýna til gagns, þá hugsaði ég „oh“ af því að ég ætlaði auðvitað að enda mitt mál á þessu af því að þetta var svo skemmtilegt þegar kynningin fór fram í síðustu viku í SFS, en góð vísa er aldrei of oft kveðin og mín ósk í dag er því að með því að

4. október 2011

bæta skólabrag þurfum við að fá foreldra og forráðamenn meira inn í skólastarfið og það er mín ósk að við í þessum hópi, eða tillögurnar, taki tillit til þess. Annars bara takk kærlega aftur fyrir frábæra skýrslu og góða vinnu.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir lokið máli sínu og hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans.

4. október 2011

2. mál Umræða um skýrslu starfshóps um námsárangur drengja, dags. í september 2011 (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég veit nú ekki hvort borgarfulltrúi Eva Einarisdóttir var að beina máli sínu til mín eða einhverra annarra þegar hún var að fjalla um það að það að skoða sérstaklega mál stráka í skólakerfinu þyrfti ekki endilega að hafa slæm áhrif á stelpur. Ef svo er vil ég allavega áréttta þá skoðun mína og okkar Vinstri grænna að við höfum aldrei haldið því fram að þetta hafi skaðleg áhrif á stelpur, síður en svo, heldur teljum við farsælla, við teljum að okkur gagnist það betur og við sjáum betur heildarmyndina á því hvernig stelpum og strákum líður í skólanum og hvernig þeim gengur í skólanum, ef við skoðum þetta allt í samhengi. Við getum fengið allar þessar upplýsingar með því að skoða þetta bara í heild sinni í staðinn fyrir að búa til einn starfshóp um stelpur og annan starfshóp um stráka. Þetta væri að mínu mati svona álíka og við myndum fara að skoða kynbundinn launamun þannig að við skoðuðum sérstaklega hvort og hvernig hallaði á karla og hvort og hvernig hallaði á konur. Ég held að það sé miklu einfaldara að við skoðum bara málið heildstætt. Það er okkar skoðun.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að veita andsvar. Þá er borgarfulltrúi Þorbjörg Helga næst á mælendaskrá.

4. október 2011

2. mál Umræða um skýrslu starfshóps um námsárangur drengja, dags. í september 2011 (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætlaði að fá að ljúka þessari fínu umræðu í dag og þakka hvatningarorð og þakklæti fyrir þetta starf starfshópsins, sem var með eindæmum skemmtileg vinna og ekki síst þarf að þakka öllum starfsmönnum sem voru svolítið á hlaupum núna undir það síðasta til þess að loka málinu. En ég ætlaði aðeins að fara hérna yfir, það kom hingað formaður skóla- og frístundasviðs – ég ætla nú ekki að byrja á að segja SFS, með fullri virðingu, borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir, þá ætla ég að segja skóla- og frístundasvið – en sagan sem var aðeins komið inn á hérna áðan og tengist því sem Hjálmar var aðeins að tala um, að þá hefur þetta komið fram náttúrliga um leið og PISA könnunin kom fram 2000. Þannig að sagan er alveg frá 2000, þessi kynjamunur, og aftur svosem og samræmd próf hafa sýnt þetta í 20 ár.

Þannig að við höfum bara dálítið tekist á um stöðu kvenna í skólanum og við höfum verið í dálítið erfiðri stöðu og ég ætla bara aðeins stuttlega að vísa í nokkur orð Sóleyjar hér áðan, Sóleyjar Tómasdóttur borgarfulltrúa, að við höfum tekist dálítið á um þessi sjónarmið um hvort skólinn væri fyrir stráka eða stelpur og ég held að það sé núna kominn svolítill þungi í umræðuna þegar svona tölur eru ítrekað að koma og ég vildi líka koma því hér skýrt á framfæri að þetta eru alþjóðlegar tölur, við erum ekki að sjá eitthvað séríslenskt hérna. Það sem var séríslenskt og gerði alla dálítið skelkaða og Oddný er líka að hluta til að vísa í er að 2003 PISA könnunin sem Hjálmar hefur líklega verið að skoða á þeim tíma, 2004, að þar voru svona rosaleg skekkjumörk og við vorum alveg sér á báti, Ísland. Sýndum allt í einu mjög skrítninn kynjamun 2003 og stærðfræðin var allt í einu orðin þannig að við vorum einu stelpurnar í heiminum sem voru betri en strákarnir að meðaltali og þar af leiðandi fór í gang mjög mikil vinna hjá Námsmatsstofnun og hjá menntamálaráðuneytinu og það voru haldnar ráðstefnur í Garðabæ og út um allt og mikið rætt og skrafað um hvað þyrfti að gera. Svo var unnið, eins og formaður skóla- og frístundaráðs fór yfir, Vesturbæjarskóli fór í ákveðin verkefni og það voru ýmis verkefni sett af stað og svo koma næstu skýrslur, 2006 og 2009, og þær sýna aftur að það er eiginlega enginn munur, þessi stærðfræðimunur að minnsta kosti kom ekki aftur fram, auk þess sem það var gerð

4. október 2011

sérstök rýning fyrir Reykjavíkurborg sem sýndi að það var ekki þessi kynjamunur eins mikill hér og á landsbyggðinni. Þetta voru svona árgangatengdar niðurstöður. Og þá datt aðeins botninn úr umræðunni. Þá svona: já, ókei, þetta var ekki svona slæmt. Og þá svona hætti umræðan dálítið. En síðan smátt og smátt hefur verið að koma í ljós að það eru ákveðnar breytur í inntöku til dæmis í framhaldsskóla sem hafa þau áhrif að ef ekki væri fyrir þessi inntökuskilyrði framhaldsskólanna, þá væru stelpur í miklum meirihluta í ákveðnum skólum landsins. Það eru margar fleiri breytur að poppa upp heldur en þessar sem við höfum séð í gegnum PISA sem benda til þess að við þurfum að skoða þetta betur.

Mér finnst gott að vita af því að lestur er númer 1, 2 og 3. Það er gott fyrir okkur að geta fókuserað og það er svona mín ósk að afgreiða þessar tillögur, þessa hugmynd og þessa umræðu ekki í einum frasa eins og ég er svona að reyna að forðast með umræðunni í fjölmiðlum, að passa að segja ekki: eru þetta ekki bara tölvurnar? Og vera bara með eina skýringu eins og mér sýnist starfshópnum hafa tekist að segja mjög skýrt í skýrslunni – að þetta sé mjög margþætt. Ég ætlaði líka að benda á það að rafrænt læsi hefur verið skoðað og það eru margir einmitt að vísa í það núna að þetta hljóti bara að vera þessi þróun að fólk er farið að lesa meira á tölvum og eitthvað slíkt, en þessar tölur eru nákvæmlega eins í rafrænu læsi. Við erum vissulega aðeins betri en þjóðir í kringum okkur í rafrænu læsi, Ísland, en það eru hinsvegar ekki þeir sem lesa ekki sem eru að bætast í þann hóp. Þeir eru ennþá ólæsir sér til gagns, þótt þeir séu að lesa á tölvu. Þannig að við þurfum að halda því til haga í þessari umræðu þegar við erum að tala um að kannski séu strákarnir bara að lesa rosalega mikið á tölvunum. Það er bara ekki þannig, þessi 23%, og ég ætla að fá að taka undir með Sóleyju Tómasdóttur borgarfulltrúa, það er náttúrliga algjörlega óþolandi að það séu 16% nemenda ekki að lesa sér til gagns. Þegar við tökum 9% af stelpunum og 23% af strákunum, þá eru þetta samtals 16% af börnum á Íslandi og í Reykjavík, þetta eru sirka sömu tölurnar, sem lesa sér ekki til gagns og þetta er náttúrliga eitthvað sem við eigum að ganga í að segja að Reykjavíkurborg ætli að lækka með markvissum tölum. Við eigum bara að stefna að því að eftir fimm ár verði þessi tala orðin mikið lægri.

4. október 2011

Svo ætla ég aðeins að segja, af því að við vorum að tala um gaman í skóla og það var verið að vísa hérna í rannsóknir og Börkur og Amelía og fleiri hafa verið að gera hjá menntavísindasviði og sýna bara hreinlega fram á að í byrjun 6 ára bekkjar er stelpum og stráku farið að leiðast í skóla og 6% minnir mig, drengja, séu bara 6 ára gamlir að segja að þeim leiðist í skóla. Við skulum nú ekki taka þessar niðurstöður mjög alvarlega, við vitum að það er erfitt að spyrja krakka: Er gaman í skólanum eða er leiðinlegt í skólanum? Það fer dálítið eftir deginum sem þau eru í skólanum, þannig að það er ekki alveg hægt. En það eru samt vísbendingar þarna sem benda til ýmislegs sem við þurfum að fara að ræða líka svona aðeins dýpra. Og þá ætla ég aðeins að fara að vísa umræðunni sem Hjálmar var hérna í áðan, sem ég fagna ógurlega, og ég held að við þurfum að taka oftari og það er þetta stærra samhengi um kennsludaga og launamál, þó það séu ekki launamál í neikvæðu samhengi heldur bara hreinlega hvað það er sem við viljum fyrir hönd barnanna og ég hef lengi verið á þeirri skoðun að við höfum verið með öllum okkar kerfum að missa sjónar á nemendunum sjálfum.

Og ef við hugsum um hann sem viðskiptavin, sem öllum líkar misvel við, þetta hugtak, viðskiptavinur, en þá eru of margir, akkúrat eins og Hjálmar segir, að hugsa um barnið án þess að hugsa um barnið. Það eru of margir hagsmunaaðilar að semja sín á milli, afgreiða hluti, búa til lög og frumvörp og reglugerðir, og það er aldrei svona lítill fíll á borðinu sem minnir á að það á alltaf að hugsa um barnið. Þetta á við um kjarasamningana, um lög og reglugerðir, um námskrár, um námsefnið, um greiningar vegna sérþarfa, um umhverfi skólastjórnenda, um umhverfi stéttarfélagsins og svo framvegis. Það er endalaust hægt að telja upp samningsaðila sem í raun ættu að vera að draga reipi barnsins í eina átt en eru það ekki. Það eru ótrúlega margir að taka ákvarðanir og ég er örugglega að yfirfæra of mikið af róttækum skoðunum mínum hér en það er ekki neinn sem minnir á: bíddu, hvernig hagnast barnið á þessum ákvörðunum okkar? Dæmi um það er þegar ég vann í ráðuneyti menntamála við ýmsar ákvarðanir, að þá enda bara samningsaðgerðir um lög og reglugerðir oftast í einhverjum viðskiptum sem tengjast launum og hagsmunamálum einstakra aðila sem eru að vinna við að kenna börnum en ekki fyrir börnin.

4. október 2011

Þannig að það er alveg ótrúlega algengt, allavega af minni reynslu, í þessu samhengi og ekki síst í kjarasamningum að það er ekki verið að taka sjónarmið barnsins og árangurinn sem er of lítið talað um í kerfinu í heild sinni til þess að draga vagninn í rétta átt. Eða eina átt skulum við segja. Og til dæmis hér á þessum vettvangi okkar, þá má líka gagnrýna það að framkvæmda- og eignasvið dragi vagninn fyrir hönd skólasamfélagsins á einhverjum forsendum sem eru ekkert endilega í takti við stefnumörkun menntaráðs á þeim tíma. Og það var ekki fyrr en í vetur og ég hef hrósað formanni skóla- og frístundaráðs fyrir að hafa fengið framkvæmdasvið loksins í að hugsa eins og skóla- og frístundasvið vill. Að það sé verið að færa til kennslustofur til þess að reyna að mæta því að fjölga börnum, í staðinn fyrir að það sé eitthvað annað sjónarmið í gangi sem skiptir kannski ekki börnin máli.

Og svo eitt að lokum, ég gæti talað um þetta endalaust, þið sjáið það, en það er þessi rannsókn sem aðeins er tíunduð í skýrslunni sem varðar TALIS rannsókn. Og nú erum við búin að segja TALIS og TIMSS og PISA alltof mikið, ég veit það, en TALIS rannsóknin er að skoða hvernig kennurum líður og hvernig þeim vegnar og hvaða skoðun þeir hafa og mér finnst mjög markvert að lesa að íslenskir kennarar nota, þegar þeir eru að skoða viðmið um árangur í kennslu og árangur í skóla og árangur í námi barna, þá nota þeir afskaplega lítið einkunnir, próf, samræmd meðaltöl og ýmis önnur gögn sem við eigum. Og ég var svo stolt af starfshópnum með það að við nýttum okkur alveg ógrynni upplýsinga sem liggja fyrir og ég held að það sé hægt að gefa út svona skýrslur um ýmis málefni á fyrirliggjandi gögnum miklu, miklu oft og hjálpa kennurum þá að nýta sér þessi gögn. Kannski eru þau bara of óaðgengileg og of flókin en ef kennarar eru ekki að nota árangur barnanna í skólastofunni til þess að þróa áfram kennsluhætti, þá erum við ekki á góðum stað.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir lokið máli sínu og forseti vill minna borgarfulltrúann á að borgarfulltrúum ber, þegar þeir ávarpa eða vitna til annarra borgarfulltrúa í ræðu sinni, að nota fullt nafn. Fleiri hafa ekki beðið um orðið undir þessum lið og telst umræðu lokið. Næsta mál á dagskrá er

4. október 2011

umræða um vændi í Reykjavík að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna og fyrstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir. Gjörðu svo vel.